

14. fundur stjórnar fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps var haldinn í Ráðhúsi Borgarbyggðar, Digranesgötu 2 í Borgarnesi, mánudaginn 6. mars kl. 10:00.

Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Þorsteinn Viggósson f.h. Borgarbyggðar, Jón Arnar Sverrisson f.h. Akraneskaupstaðar, Baldvin Björnsson f.h. Hvalfjarðarsveitar og Pétur Davíðsson, f.h. Skorradalshrepps ásamt Hrafnhildi Tryggvadóttur, starfsmanni stjórnar.

Fundargerð ritaði: Hrafnhildur Tryggvadóttir

Dagskrá:

1. Samþykkt fyrir stjórn fjallskilaumdæmis

Framlögð drög að samþykkt fyrir stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps. Rætt um kosti þess að færa rekstur stjórnar fjallskilaumdæmis undir kennitölu stjórnar fjallskilaumdæmisins.

Samþykkt að vísa samþykkt um stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps til sveitarstjórna allra sveitarfélaga til samþykktar. Stjórnin samþykkir að óska eftir því við Samband íslenskra sveitarfélaga að fá samanburð á kostum og göllum þess að hafa rekstur stjórnar á eigin kennitölu annars vegar og á kennitölu eins aðildarsveitarfélags hins vegar.

2. Markaverðir

Framlagt uppsagnarbréf Markavarðar Mýrasýslu.

Reikningur fyrrverandi markavarðar Borgarfjarðarsýslu 2016- 2019, hefur verið gerður upp. Stjórn vinnur að starfslýsingu og kjör markavarðar. Starfsmanni falið að afla upplýsinga hjá öðrum sveitarfélögum varðandi fyrirkomulag.

3. Endurskoðun fjallskilasamþykktar

Framlögð minnisblöð starfsmanns og Sambands íslenskra Sveitarfélaga

Stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps samþykkir að óska eftir heimild sveitarstjórna ofangreindra sveitarfélaga til að hefja vinnu við breytingar og endurskoðun fjallskilasamþykktar nr. 683/2015 og nr. 714/2015.

Óskað er eftir staðfestingu sveitarstjórna þess efnis að stjórn fjallskilaumdæmisins sé heimilt að funda allt að sex sinnum á árinu 2023 með þeim kostnaði sem fellur til sbr. Samþykkt um stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps. Kalli vinna stjórnar á aðkeypta þjónustu s.s. vegna lögfræðiráðgjafar, mun stjórn óska eftir viðbótarfjárframlagi vegna þess.

Fundi slitið kl. 11:35

Undirritunarsíða

Pétur Davíðsson

Baldvin Björnsson

Þorsteinn V Viggósson

Ragnhildur Eva Jónsdóttir

Hrafnhildur Tryggvadóttir

Jón Arnar Sverrisson